

Það er álit mitt, að ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju og gefi glögga mynd af rekstri sjóðsins á árinu árinu 1995, efnahag 31. desember 1995 og breytingu á handbæru fé á árinu 1995.

Reykjavík, 12. febrúar 1996.

Sveinn Sæmundsson,
löggiltur endurskoðandi.

Við undirritaðir, skipaðir endurskoðendur Lánasjóðs sveitarfélaga, höfum yfirfarið ársreikning þennan. Hann er í samræmi við ákvæði laga og leggjum við til, að hann verði samþykktur.

Reykjavík, 15. apríl 1996.

Ingimundur Sigurpálsson.

Sveinn Sæmundsson.

Staðfesting ársreiknings.

Reykjavík, 12. febrúar 1996.

Kristján Magnússon.

Sigríður Stefánsdóttir.

Óli Jón Gunnarsson.

Ingvar Viktorsson.

Karl Björnsson.

Þórður Skúlason.

Birgir L. Blöndal.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir raforku.

Samkvæmt lögum nr. 66 31. maí 1976 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir raforku nr. 318 6. júní 1996, er taki gildi 1. nóvember 1996.

IV. NIÐURGREIÐSLUR.

Hver kílóvattstund (kWh) er niðurgreidd um fasta upphæð, upp að ákveðinni hámarksnotkun. Til grundvallar þessu er lögð orkunotkun að hámarki 30.000 kWh á ári samkvæmt lið C1 og H490 og 42.000 kWh samkvæmt lið A5, en er skipt hlutfallslega niður á reiknings tímabilið. Þetta skal framkvæmt á eftirfarandi hátt:

Liður C1 hitun:

Niðurgreidd er orka sem er allt að 82 kWh á dag að jafnaði á notkunartímabilinu (notkunartímabil=tímabilið milli álestra). Niðurgreiðsla nemur kr. 1,38 kWh og að auki sérstakur afsláttur 0,47 kr. á kWh, eða samtals 1,85 kr/kWh.

Liður A5 markmæling:

Niðurgreidd er orka sem er allt að 115 kWh á dag að jafnaði á notkunartímabilinu.

Niðurgreiðsla nemur kr. 0,99 á kWh og að auki sérstakur afsláttur 0,31 kr. á kWh, eða samtals 1,30 kr/kWh.

Liður H490 Orka og vatnsmagn:

Niðurgreidd er orka sem er allt að 82 kWh á dag að jafnaði á notkunartímabilinu. Niðurgreiðsla nemur kr. 1,29 á kWh og sérstakur afsláttur að auki, 0,43 kr. á kWh eða samtals 1,72 kr. á kWh.

Aðrir liðir breytast ekki.

Iðnaðarráðuneytinu, 18. október 1996.

F. h. r.

Halldór J. Kristjánsson.

Katrín Jóhannesdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir hitaveitur.

Samkvæmt orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1976 og lögum nr. 66 frá 31. ágúst 1976, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir hitaveitur nr. 319 6. júní 1996, er taki gildi 1. nóvember 1996:

II. KAFLI

3. gr.

Orka og vatnsmagn H490/I494.

Til hitunar á íbúðarhúsnæði.

Fastagjald.....	13.294,00 kr/ári
Orkugjald.....	2,94 kr/kWh

Orka og vatnsmagn H499/I495.

Til hitunar á öðru en íbúðarhúsnæði.

Fastagjald.....	13.294,00 kr/ári
Orkugjald.....	2,94 kr/kWh

Aðrir liðir breytast ekki.

Iðnaðarráðuneytinu, 18. október 1996.

F. h. r.

Halldór J. Kristjánsson.

Katrín Jóhannesdóttir.